

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjánhald girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjánhald utan þeirra marka fyrir leyfishafa. Stefnt skal að því að allt búfjánhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 1. okt. 1980.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum, sbr. lög nr. 38 23. maí 1980, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum loðnubáta.

1. gr.

Frá 1. janúar 1981 til 10. febrúar 1981, eða þangað til annað verður ákveðið, er loðnubátum sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 425/1980, bannað að stunda fiskveiðar með netum, botn- og flotvörpu og línu.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.